

sementið; hann segir ennfremur að sementið hafi eigi verið sent til sín og að hann hafi aldrei veitt því mótöku; hann hafi að eins komið því í geymslu, til þess að það ekki glataðist eða ónýttist, þegar hann fekk vitneskju um að það var komið til Blönduóss og hafði fengið vísbending frá áfryjendum um, að þeir ætluðu honum það; hafi hann komið sementinu í geymslu á kostnað og ábyrgð áfryjenda, og látið þá tafarlaust fá vitneskju um það. Gegn þessari ítarlegu reitun stefnda hefir áfryjendunum eigi tekist að sanna að hann hafi beðið þá að senda sér sementið né að hann hafi keypt það, né heldur að afskifti hans af því á Blönduósi, eftir að það var komið þangað vestur, hafi verið svo lönguð, að það hlyti að skoðast sem hans eign, eða yfirleitt öðruvísi, en stefndi sjálfur hefir frá skýrt. Stefndi verður því ekki dæmdur til að greiða hina umstefndu upphæð, og verður að staðfesta gestaréttardóminn, bæði að aðalefni hans og málskostnaðarákvæðið. Fyrir yfirdómi verður málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 9. septembermánaðar.

Nr. 27/1907:

Hið opinbera

gegn

Ásgeiri Ingimar Ásgeirssyni.

D ó m u r:

Með dómi lögregluréttar Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum um 13. apríl þ. á., var hinn kærði Ásgeir Ingimar

Asgeirsson í Tröð í Álftafirði dæmdur fyrir brot gegn 5. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, til að greiða 50 kr. sekt til landsjóðs, er skyldi afplánast með 15 daga einföldu fangelsi, svo og til að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar. Dómi þessum hefir verið áfryjað til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Við rannsókn í máli þessu hefir hinn kærði kannast við það, að hann hafi árið sem leið selt hverjum sem hafa vildi, á heimili sínu Tröð, ýmsan varning, svo sem bakarabrauð, brjóstsykur, hvítt sykur, vindla og lemonaði. Vindlana og lemonaðið seldi hann mestmegnis til neyzlu á staðnum, en annars seldi hann vörur þessar út úr húsinu. Kærði hefir eigi verzlunarleyfi. Þar sem það og hefir komið í ljós við rannsóknina, að kærði er grunaður um að hafa selt áfengi, þá kemur það eigi til álita í máli þessu, eins og því hefir verið stefnt og dómur á það lagður í héraði. Með því að það þannig er sannað, að hinn kærði hefir haft verzlunarvörur á boðstólum og selt þær, ýmiskonar sykur, vindla og lemonaði, án þess að hafa verzlunarleyfi, hefir hann gjörst brotlegur gegn áðurnefndum lögum 7. nóvbr. 1879, 5. gr., og hefir unnið til sektar, sem eftir 6. gr. laganna þykir hæfilega ákveðin 50 krónur, eins og gjört er í héraðsdóminum, og renni sektin í landsjóð. Svo verður kærði og að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar á meðal málflyttingslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins

í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóm-
inn lögmat.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði Ásgeir Ingimar Ásgeirsson greiði 50 króna
sekt til landsjóðs. Svo greiði hann og allan kostnað
sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar
með talin málflytningu til sækjanda og verjanda
við yfirdóminn, málsfærslumanna Odds Gíslasonar
og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur
frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. septembermánaðar.

Nr. 29/1907:

Björn Símonarson og
Bárður Kristján Guðmundsson
gegn
Sveini Jónssyni.

D ó m u r :

Þegar mál þetta féll í rétt í yfirdóminum samkvæmt
áfrýjunarstefnunni hinn 26. f. m., var áfrýjendum með
samþykki stefnda veittur hálfsmánaðar frestur til að semja
sókn í málinu, en er málið næst skyldi tekið fyrir, mættu
áfrýjendur eigi og enginn af þeirra hendi. Þá mætti aftur á
móti málaflutningsmaður af hendi stefnda og krafðist hann